

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 15. október 2019.

Fundurinn var 9. fundur starfsársins og fundur nr. 2912 frá upphafi. Fundurinn var í umsjá stjórnar og haldinn í Café Catalina, kl. 17:30. Á fundinn mættu 19 félagar sem gerir 68% mætingahlutfall. Gestur og fyrirlesari var Árni Bragason landgræðslustjóri.

Forseti setti fund kl. 17:50 og bauð gest velkominn. Félagi okkar Sveinn Hjörtur Hjartarson á afmæli í dag. Forseti las ljóð úr ljóðabókinni „Vistaverur“ sem gefin var út í janúar síðastliðinn eftir skáldið Hauk Ingvason.

Forseti greindi frá fundi stjórnar sem var haldinn sama dag og afgreiðslu mála á þeim fundi.

Framlög samkvæmt rekstraráætlun:

- a. Rótarý umdæmi..... kr. 600.000,-
- b. Rotary Internationalkr. 255.756,-
- c. Rotary Foundation..... kr. 187.500,-
- Alls:kr. 1.043.256,-

Auk þess var ákveðið að styrkja Skákfélag Breiðabliks um 120.000,- á þessu starfsári og nema í raungreinum við Menntaskólann í Kópavogi um, tvisvar sinnum 90.000,-, alls 180.000,-.

Beiðni um styrk frá Myndlistaskóla Kópavogs fyrir tækjum og Sunnuhlíð fyrir fræðslu- og skemmtiefni fyrir íbúa. Samþykkt að styrkja bæði málin með 100.000 kr á hvort félag.

Samþykkt var að færa niður kröfur vegna félagsgjalda um 50.000,-. Gjaldkera falið að athuga vaxtakjör á reikningum klúbbsins. Stallari falið að kaupa poka undir fána klúbbsins.

Umræðu um niðurgreiðslur á kostnaði við jólafund, leikhúsför og vorferð var frestað. Heyra í skemmtinefnd og ferðanefnd. Stjórnarkjör - forval og tilnefningar er á næsta fundi 5.11.2019.

Útför Sigurðar Jónssonar. Kristófer ritar minningagrein um hann og færir kveðjur Rótarýklúbbs Kópavogs í Morgunblaðið. Stallari setur fánann með sorgarbandi upp í Fossvogskirkju.

Líkmenn Sigurðar eru: Eiríkur Línadal, Inga Hersteinsdóttir, Guðbergur Rúnarsson, Jóhann Árnason, Björgvin Vilhjálmsson, Jón Emilsson, Vilhjálmur Einarsson og Guðmundur Jensson

3ja. mínútna erindi flutti Björgvin Vilhjálmsson. Björgvin talaði um heilbrigðismál, hjartaaðgerðir og endurhæfingu á Reykjalundi sem er rómaður fyrir faglegar endurhæfingar. Björgvin fjallaði um skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Hann telur að það þurfi að borga þeim hærra laun til að fá þá til baka á sjúkrahúsin. Björgvin velti fyrir sér hvort verið væri að rústa heilbrigðiskerfi landsmanna. Landsspítalinn fer langt framúr fjárlögum, hann velti því fyrir sér hvort yfirleitt væri hægt að stýra bráðnauðsynlegum aðgerðum samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Erindið sem Árni flutti nefndi hann „Landgræðslan og loftlagsmál“.

Árni sagði frá starfsemi Landgræðslunnar: áhrif öskugosa, aðgerðum vegna gosa og landgræðslu, ósjálfbærni beitar búfenaðs og verkefna sem Landgræðslan tekur þátt í. Erindið í heild er í viðauka við fundargerðina og verður birt á heimasíðu klúbbsins með þessari fundargerð.

Erindið var afar fróðlegt og komu fyrirspurnir frá Bolla Magnússyni, Kristófer Þorleifssyni, Friðbert Pálssyni og Werner Rasmussyni.

Forseti sleit fundi kl. 19:00 og farið var með fjórprófið.

Um fyrirlesarann.

Árni Bragason lauk doktorsgráðu í jurtaerfðafræði frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn með erfðafræði og lífeðlisfræði sem aukagrein og B.Sc.-gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands. Árni hefur víðtæka reynslu af stjórnun og rekstri. Árni tók við stöðu forstjóra Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar með frægeymslu og öryggisgeymslu á Jan Mayen. Aðeins einu sinni hefur verið tekið fræ út úr frægeymslunni, það var fyrir Líbanon og Marakkó. Hann starfaði hjá verkfræðistofunni Eflu. Þar á undan starfaði hann sem forstöðumaður náttúruverndar- og útivistarsviðs Umhverfisstofnunar, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og sem forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Að auki hefur Árni gegnt fjölmörgum nefndar- og trúnaðarstörfum á sviði náttúruverndar- og umhverfismála.

Landgræðslan og loftlagsmál – Árni Bragason.

Eyjafjallajökull gaus 2010. Beitarvæði spilltust með öskur frá gosinu. Sáð var í stór svæði til að hraða endurvexti gróðurs. Askan hefur áhrif á gróðurinn. Til að tryggja stöðugleika yfirborðs svæða sem fóru illa í gosinu var plantað og sáð birki. Skógur þolir allt að 25 cm ösku en kjarr minna og minnst lággróður. Eftir gosið þurfti að útvega hey fyrir búfé og binda ösku á yfir 1000 ha. lands. Þá þarf að eiga fræ til að grípa til eftir slíkar hamfarir. Grös sem sáð var, var túnvingull og melgresi. Á svæðum sem eru friðuð fyrir beit var sáð og gróðursett birki. Birki þolir vel öskufall svo lengi sem það er ekki of mikið. Birkið í Búrfellsskógi lifði af öskufallið frá Heklugosinu 1910 og nýjar rætur uxu úr tjábolum í öskujarðveginum. Gróður þolir misvel áfok og gjóskufall. Árið 1693 varð mikill skaði frá gosi. Gos eftir það hafa haft lítil áhrif á gróður. Ekkert alvöru skaðlegt gos hefur gosið síðan 1693. Gos hafa vitaskuld áhrif á búsetu. Við 20 cm öskufall á hálendi fara jarðir í eyði. Jarðir á láglandi eru yfirgefnar í áratug eða meira ef öskufall er 30 til 50 cm. Ef öskufall er um 15 cm eru jarðir yfirgefnar í stuttan tíma. Minna öskufall raskar ekki búsetu. Árið 1885 geisaði stormur frá 27. janúar til 11. febrúar og aftur eftir páska allt fram í miðjan júní. Á Rangárvöllum eyddust Gunnarsholt og Gaddstaðir. Í Landsveit jarðirnar Stóri- og Litli Klofi, Eskholt, Erill og Fellsmúli og margar fleiri jarðir fóru í eyði.

Í margar aldir hefur landnýting verið ósjálfbær með mikilli vetrarþeig. Í Gunnarsholti var hafin uppgræðsla sanda árið 1944. Við uppgræðsluna voru flugvélar notaðar til að dreifa dreifa áburði og grasfræi. Það er ekki kostur í dag þar sem kostnaður er of mikill. Þegar flest var í Gunnarsholti voru þar um 700 nautgripir.

Verkefnið „Bændur rækta landið“ telur um 550 bændur í samvinnu við Landgræðsluna. Verkefnið hefur ræktað upp um 18.700 ha 2018. Loftlagsáætlun gerir ráð fyrir að auka í 60.000 ha á ári. Illa farið og rofið land er yfir 1,7 milljón ha að stærð. Brýnustu verkefni ná yfir 500.000 ha. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir endurheimtun votlendis. Verkefni er í gangi á Mývatnsöræfum þar sem plægð er niður lífrænn áburður sem kemur frá skolpi í Mývatnssveit. Mikilvægt að nýta þennan áburð og fosfatið sem fylgir honum sem annars rennur til sjávar.

Landgræðslan hefur sett sér loftlagsmarkmið og tekið saman losun frá starfsseminni. Losun árið 2017 var um 1312 tonn CO₂ íg, þar af var áburður um 1114 tonn CO₂ íg. Losun frá framræstu og uppblásnu landi er um ¾ af losun á Íslandi. Um 300.000 ha af framræstu landi losar milljónir tonna af CO₂. Það þarf að slökkva á þessum brunu. Brunu má einnig sjá í húslóðum þar sem húsin sitja á föstu en lóðin sígið. Þetta má meðal annars sjá í Norðurmýrinni.

Gróllind er verkefni í samvinnu við bændasamtökin um kortlagningu afrétta og úthaga. 11 bændur með 110 kindur taka þátt í verkefninu. Upplýsingar eru skráðar um ferðir kindanna með GPS hálsól á hverri kind. Öfgar í veðurfari og loftlagsröskun. Loftlagsbreytingin 9-10 september 2012 þegar 5000 kindur drápust vegna hríðar á NA-landi. Fólk sem þjáist vegna röskunar veðurfars leysir ekki vandan. Við höfum fé og þekkingu. Hnignun landgæða og eyðimerkurmyndun er alþjóðleg áskorun. Sömu vandamál er hér á landi og t.d. í Níger eða Lesoto sem er hreyfing á sandi og illa farið land. Landgræðslan í samvinnu með Landbúnaðarháskólann reka Háskóla Sameinuðu þjóðanna og

Þróunaraðstoð eru með stutt námskeið, leiðtogaþjálfun, endurreisn landgæða og sjálfbæra nýtingu. 139 nemar frá 12 löndum hafa lokið þjálfun frá 2007.

Fram kom að Norðmenn eru að kynbæta nautgrip til að minnka losun metangas frá þeim. Eitrun fyrir skordýrum hafa haft veruleg áhrif á fjölbreytni og fjölda skordýra. Eitrun er hætt en stundaðar t.d. í Viktoríuvatni við fiskveiðar. Heppilegra er að nota lífrænar varnir og erfðabreytta tækni sem er mun nákvæmari. Lúpína er mjög víða á Haukadalsheiði en dreifing hennar hefur verið stöðvuð og styttist í að hægt verði að beita lúpínuna og breyta heiðinni í beitarland á næstu árum. Vegagerðin með yfir 800 km af girðingum við þjóðvegi landsins. Landnám Ingólfs og Fljótsdalur eru afgirt af til varnar ágangi búfænaðs.